

Aðalfundur Bergrisans bs. – Fundargerð

24. nóvember 2021

Fjarfundur haldinn á Microsoft Teams kl. 13:00

Mætt: Gísli Halldór Halldórsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Ásta Stefánsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Björn Kristinn Pálmarrsson, Brynhildur Jónsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Einar Bjarnason, Einar Freyr Elínarson, Elín Fríða Sigurðardóttir, Elín Grétarsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Eypór H. Ólafsson, Grétar Ingi Erlendsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Jón Valgeirsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Melkorka Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Ása Valdís Árnadóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Páll Tómasson, Rósa Matthíasdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Smári B. Kolbeinsson, Valgerður Sævarsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Þorsteinn Hjartarson. Gestir fundarins voru ráðgjafarnir Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf og Ellý Þorsteinsdóttir frá EAP ráðgjöf.

Setning fundar

Gísli H. Halldórsson formaður Bergrisans bs. býður fundarmenn velkomna og setur aðalfund Bergrisans bs. Stjórnarformaður leggur til að Aldís Hafsteinsdóttir verði fundarstjóri og ritari Bergrisans bs. Sandra Brá Jóhannsdóttir riti fundargerð. Tillagan samþykkt án mótakvæða.

Kosning kjörnefndar

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og leggur stjórn Bergrisans til að í kjörnefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson og Þorbjörg Gísladóttir. Tillagan samþykkt samhljóða. Arna Ír tilkynnir fyrir hönd nefndarinnar að á fundinn séu mættir 30 kjörnir fulltrúar af 50 fulltrúum. Fundurinn er því lögmætur.

Ársreikningur 2020 kynntur og lagður fram til samþykktar

Fjármálastjóri Árborgar fer yfir ársreikning 2020. Framlög aðildarsveitarfélaga voru 337.112 þús.kr og þar af voru 70.286 þús.kr umfram lögbundin framlög vegna hallareksturs málaflokksins. Eignir samtals 316.407 þús.kr, þar af handbært fé 20.884 þús.kr. Ársreikningur er samþykktur mótakvæðalaust

Fjárhagsáætlun 2022 kynnt og lögð fram til samþykktar

Fjármálastjóri Árborgar gerir grein fyrir útkomuspá 2021 og fjárhagsáætlun Bergrisans bs 2022. Flestar einingar Bergrisans bs. eru nú að taka inn kostnaðarauka vegna betri vinnutíma, að Birkimörk í Hvergerði undanskilinni en þar var gert ráð fyrir kostnaði vegna betri vinnutíma árið 2021. Að auki er gert ráð fyrir almennum kjarasamningshækkunum. Áætlaður rekstrarkostnaður 2.328.695 þús.kr. Áætlaðar greiðslur frá jöfnunarsjóði 1.651.389 þús.kr. Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna til Bergrisans v/útsvars 284.424 þús.kr. Áætluð fjárþörf í málaflokknum er 393.882 þús.kr. Fjárhagsáætlun 2022 er samþykkt mótakvæðalaust

Ráðning löggilts endurskoðanda

Stjórn leggur til að Ólafur Gestsson, PWC, verði endurráðin sem endurskoðandi Bergrisans bs. Samþykkt samhljóða.

Kynning á ársskýrslu þjónusturáðs Bergrisans bs

Heiða Ösp Kristjánsdóttir velferðarsviði Árborgar og formaður þjónusturáðs fer yfir ársskýrslu þjónusturáðs.

Kynning á starfsemi Bergrisans bs

Íris Ellertsdóttir verkefnisstjóri Bergrisans bs kynnir starfsemi og þjónustu byggðasamlagsins.

Tillaga stjórnar um stofnun sjálfseignarstofnunar um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Stjórnarformaður Bergrisans bs. kynnir tillögu stjórnars um stofnun húsnæðissjálfseignarstofnunar (hses) um byggingu, og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk. Sjálfseignarstofnunin mun eiga og annast rekstur íbúðakjarnans, þ.e. húsnæðisins.

Gert er ráð fyrir að stofnfé verði samtals 1.000 þúsund krónur sem skiptist hlutfallsleg á milli sveitarfélaganna í sama hlutfalli og íbúafjöldin skiptist á milli þeirra miðað við janúar 2021. Gangi það eftir verður skiptingin sem hér segir:

	Íbúafjöldi janúar 2021	Hlutfallsleg skipting	Skipting stofnframlags
Sveitarfélagið Árborg	10.452	42,4%	423.947
Mýrdalshreppur	758	3,1%	30.746
Skafthreppur	624	2,5%	25.310
Ásahreppur	271	1,1%	10.992
Rangárþing eystra	1.924	7,8%	78.040
Rangárþing ytra	1.740	7,1%	70.577
Hrunamannahreppur	822	3,3%	33.341
Hveragerðisbær	2.778	11,3%	112.679
Sveitarfélagið Ölfus	2.369	9,6%	96.090
Grímsnes- og Grafningshreppur	492	2,0%	19.956
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	590	2,4%	23.931
Bláskógabyggð	1.144	4,6%	46.402
Flóahreppur	690	2,8%	27.987
Samtals	24.654	100,0%	1.000.000

Á svæði Bergrisans bs. eru 24 einstaklingar á biðlista fatlaðs fólks eftir húsnæðisúrræðum. Auk þess eru 26 einstaklingar í herbergjasambýlum, þar af eru sjö einnig á biðlista eftir einstaklingsíbúðum. Arnar Haraldsson viðskiptafræðingur hjá HLH ráðgjöf kynnti nánar tilgang stofnunar Hses, leiðir til uppbyggingar húsnæðis og rekstrarfyrirkomulag þess.

Aðildarsveitarfélög Bergrisans þurfa að taka afstöðu til aðildar að húsnæðissjálfseignarstofnuninni og mun verkefnisstjóri senda erindi til þeirra fyrir hönd stjórnar þess efnis.

Kynning á fyrirhugaðri stjórnarsýslu- og rekstrarúttekt á starfsemi Bergrisans bs

Arnar Haraldsson ráðgjafi hjá HLH kynnti fyrirhugaða úttekt á stjórnarsýslu, rekstri og skipulagi á þjónustu fatlaðs fólks á þjónustusvæði Bergrisans bs. Stefnt er að því að niðurstaða úttektar liggja fyrir mars/apríl 2022.

Kynning á verkefni um gæðaúttekt á starfssvæði Bergrisans bs.

Ellý Þorsteinsdóttir ráðgjafi kynnir stöðu á innra eftirliti með þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæði Bergrisans bs. Innra eftirliti með þjónustu við fatlað fólk er ætlað að tryggja að þjónustan sem veitt er sé í samræmi við ákvæði þeirra laga, reglugerða og sáttmála sem Ísland er aðili að. Ráðgert að úttektinni ljúki haustið 2022.

Stjórnarformaður óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskrá bætist kosning stjórnar og varastjórnar Bergrisans bs. Dagskrárbreyting samþykkt samhljóða

Kosning þriggja aðalmanna og þriggja varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til eins árs í samræmi við 5. gr. samþykta Bergrisans bs.

Einn stjórnarmaður komi af hverju þjónustusvæði og stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn leggur til að stjórn verði óbreytt frá aðalfundi 2020. Stjórn Bergrisans bs. skipa Gísli Halldór Halldórsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsdóttir, Eydís Indriðadóttir og Ásta Berghildur Ólafsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:30